

Nýsköpun í grunnskólum

Nýlega var undirritaður samningur milli menntamálaráðuneytis og [Vitans](#) – verkefnastofu um framkvæmd Nýsköpunarkeppni grunnskóla árið 2009. Keppnin verður nú haldin í 18. sinn og hefur keppendum farið mjög fjölgandi undanfarin ár, en nemendur frá 79 grunnskólum tóku þátt í ár. Þátttaka í keppninni er áhrifamikil leið til að vekja börn og unglinga til umhugsunar um sitt nánasta umhverfi og eru skólar sérstaklega hvattir til þess að nýta keppnina sem eitt af mörgum tækjum við nýsköpunarkennslu. Nú sem aldrei fyrr er mikilvægt að kenna börnum þessa lands hugsunarhátt og tækni sem hvetur þau áfram við að nota sköpunarkraft sinn og hugmyndaauði til að leysa verkefni framtíðarinnar.

Veitt verða 1., 2. og 3. verðlaun fyrir hugmyndir úr eftirfarandi flokkum:

- Sjávarútvegur
- Orka og umhverfi
- Landbúnaður
- Slysavarnir
- Hugbúnaður
- Almennt

Umsóknarfrestur er til 30. apríl 2009, sjá nánar á www.nkg.is

Menntun, sköpunarkraftur og frumkvæði á tímum hnattrænna breytinga

Formennskuáætlun Íslendinga í Norrænu ráðherranefndinni 2009 á sviði vísinda, menningar og mennta



Norrænn áttaviti er yfirskrift formennskuáætlunar Íslendinga í norrænu samstarfi árið 2009. Í áætluninni er viðfangsefnum, sem blasa við Norðurlandabúum í hnattvæddum heimi, lýst nánar í fjórum undirköflum: Norrænum aflvaka, norrænum styrk, svari við loftslagsvanda og hnattvæddum Norðurlöndum.

Styrkur norræns samstarfs felst m.a. í þeim sveigjanleika að vinna má þvert á fagsvið. Þess vegna hefur menntamálaráðuneytið ákveðið að leggja fram sameiginlega formennskuáætlun á sviði vísinda, menningar og mennta undir kjörorðinu Menntun, sköpunarkraftur og frumkvæði á tímum hnattrænna breytinga. Lögð er áhersla á að markmiðum okkar verður ekki náð nema í samstarfi ofangreindra þriggja fagsviða og annarra þvert á fagleg mörk.

Áherslur Íslendinga á sviði vísinda, menningar og mennta á formennskuárinu taka mið af yfirlýsingum forsætisráðherra Norðurlanda

í Punkaharju 2007 og Riksgränsen 2008 um viðbrögð við hnattvæðingu og loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra á samkeppnishæfni og lífsskjör á Norðurlöndunum. Í yfirlýsingum þeirra er lögð rík áhersla á hlutverk mannauðs, menntunar, vísindarannsókna og nýsköpunar til að bregðast við nýjum áskorunum í hnattvæddum heimi.

Einnig er lögð áhersla á samstarf við atvinnulíf og þátttöku þess í norrænu samstarfi á þessu sviði. Nú er unnið að undirbúningi að gerð áætlunar um þátt sjálfbærrar þróunar í norrænu samstarfi á árunum 2009–2012. Hún mun taka til fjölmargra sviða samstarfsins og er einnig lögð til grundvallar að formennskuáætlun Íslendinga á sviði vísinda, menningar og mennta og verður fylgt eftir með þverfaglegri samvinnu. Sjá nánar á [vef menntamálaráðuneytis](http://vef.menntamalaraduneytis.is) og www.norden.org

Íslenska til alls : tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu

Íslensk málnefnd hefur gefið út ritið [Íslenska til alls](#) þar sem eru birtar tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu. Íslensk málnefnd á samkvæmt 9. grein laga nr. 40/2006 að vinna að tillögum að íslenskri málstefnu fyrir menntamálaráðherra. Að því verki hefur verið unnið undanfarin tvö ár og liggja tillögurnar nú fyrir. Aðalmarkmið þeirra er að tryggja að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags.

Þá er átt við vandaða íslensku sem nýttist sem tjáningarmiðill við hvers kyns kringumstæður. Framtíðarhorfur tungumáls ráðast fyrst og fremst af stöðu þess innan málsamfélagsins en ekki af stærð þess. Ef tungumál er notað á öllum sviðum er staða þess sterk. Á hinn bóginn er staða hvaða tungumáls sem er veik ef það er ekki notað eða jafnvel ekki talið nothæft nema á sumum sviðum samfélagsins og það látið vikja fyrir öðrum málum. Staða íslenskrar tungu verður best treyst með því að nota íslensku sem víðast í íslensku samfélagi og á sem fjölbreyttastan hátt þannig að engin svið verði út undan. Mikilvægt er að þjóðin sjálf taki einarða afstöðu með íslenskri tungu.

Í tillögum Íslenskrar málnefndar er því fyrst lýst hvert ástand tungumálsins sé á mikilvægum sviðum þjóðlífsins, horfurnar eru metnar, markmið sett og að lokum leggur Íslensk málnefnd til aðgerðir sem nota má til að ná settum markmiðum.

Ritið er aðgengilegt á [vef menntamálaráðuneytis](http://vef.menntamalaraduneytis.is). Nánari upplýsingar um Íslenska málnefnd má nággast á www.islenskan.is

Menntamálaráðherra kynni nýja menntastefnu

Í haust hefur menntamálaráðherra farið víða um landið og kynnt nýja menntastefnu og ný lög um þrjú skólastig og menntun kennara. Þegar hafa eftirfarandi staðir verið heimsóttir; Reykjanesbær, Selfoss, Borgarnes, Akureyri, Vestmannaeyjar og Ísafjörður. Áætlað er að kynna nýja menntastefnu á Austurlandi eftir áramótin. Fundarherferðinni lýkur svo í Reykjavík á opnum kvöldfundi í janúar.

Fundirnir hafa verið öllum opnir og vel sóttir af skólafólki, foreldrum, nemendum og öðru áhugafólki um skólamál. Skapast hafa umræður í kjölfar kynninga og spurt meðal annars út í verk- og starfsnám, námsframboð í framhaldsskólum, samræmd próf, aðkomu foreldra að skólastarfi og aukna samvinnu skóla og nærsamfélags.

Kynningarfundirnir eru mikilvægur liður í innleiðingu nýrrar menntalöggjafar og hefur menntamálaráðherra lagt áherslu á það á fundunum að umræðurnar sem þar sköpuðust væru gott veganesti fyrir þá vinnu.

Sjá nánar á nymentastefna.is

